Reglugjörð

Nr. 4
12. febr.

um

breyting á reglugjörð 17. júní 1915, um opinber reikningsskil.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum Stjórnarráðs Íslands staðfestum Vjer hjermeð eftirfylgjandi reglugjörð:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Reikninga fyrir hvert ár skal gera svo tímanlega, að hægt sje að senda þá með fylgiskjölum áleiðis til fjármáladeildar stjórnarráðsins fyrir lok febrúarmánaðar þess árs, sem í hönd fer. Sjálfir reikningarnir eiga að vera tvíritaðir, en fylgiskjölin með þeim mega vera einituð. Ennfremur skal gera tvíritaðan yfirlitsreikning yfir allar tekjur árs hvers, þar með taldar ábyrgðargreiðslur og vangreiðslur fyrri ára, ef nokkrar eru. Skal þetta alt talið tekjumegin en gjaldamegin alt það, er reikningshaldari hefir greitt á árinu. Yfirlitsreikningur þessi skal sendur áleiðis til fjármáladeildar stjórnarráðsins um leið og síðasti reikningur þess árs er sendur. Eftirrit af yfirlitsreikningnum skal samtímis senda ríkisfjehirði.

Að öðru leyti eru reikningsskil hvers árs heild utaf fyrir sig, er ekki má blanda saman við önnur ár. Í reikningana, aðra en yfirlitsreikninginn, skulu því aðeins færðar tekjur þær allar, sem ríkissjóði hafa hlotnast á reikningsárinu, hvort sem þær eru greiddar eða ógreiddar, en eigi eftirstöðvar frá fyrri árum eða fullnæging á reikningsúrskurðum.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Sjerhver fjárhæð, sem greidd er í ríkissjóð, skal fylgja brjef, er sýni hversu há hin senda fjárhæð er, úr hvaða umdæmi hún er og upp í tekjur á hvaða ári hún á að ganga. Ef um ábyrgðargreiðslur er að ræða eða vangreiðslur frá fyrri árum, verður einnig að tilgreina frá hvaða reikningi þær stafa.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 12. febr. 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christan R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.